



**1. fundur
fræðslu- og menningarnefndar Norðurljóss
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljóss,
þriðjudaginn 11. janúar 2011 og hófst hann kl. 14:30**

Fundinn sátu:

Soffía Helgadóttir, Anna Krístrún Sigmarsdóttir, Olga Gísladóttir, Huld Hafliðadóttir, Huld Aðalbjarnardóttir, Sigurður Aðalgeirsson,

Fundargerð ritaði: Huld Aðalbjarnardóttir, Fræðslu- og menningarfulltrúi

Dagskrá:

1. 201101024 - Tónlistarskóli Húsavíkur. Ósk um samning milli Lista- og menningarsjóðs og Tónlistarskóla Húsavíkur.

Mættur var Árni Sigurbjarnarson skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur.

Fræðslu- og menningarnefnd samþykkir að gera áframhaldandi samning um styrk að upphæð kr. 250.000,- milli Lista- og menningarsjóðs og Tónlistarskóla Húsavíkur til tónleika- og námskeiðahalds.

2. 201101023 - Tónlistarskóli Húsavíkur og Öxarfjarðarskóli. Ósk um fjárveitingu til kaupa á marimba hljóðfærum til kennslu í Öxarfjarðarskóla.

Fræðslu- og menningarnefnd felur Árna Sigurbjarnarsyni að afla upplýsinga um verð á marimba hljóðfærum til kennslu í Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar.

Árni vék af fundi kl. 15:00.

3. 201101029 - Gjaldskrár á sviði fræðslu- og menningarmála Norðurljóss.

Fræðslu- og menningarnefnd leggur til við Bæjarráð að gjaldskrár leikskóla Norðurljóss og Tónlistarskóla Húsavíkur verði hækkaðar samkvæmt verðlagspróun síðasta árs og að tillaga að gjaldskrá fyrir Bókasafn Húsavíkur verði samþykkt.

4. 201101027 - Þekkingarnet Þingeyinga. 56. fundur framkvæmdarráðs 16. nóvember 2010.

Lagt fram til kynningar.

5. 201101026 - Þekkingarnet Þingeyinga. 57. stjórnarfundur 15 des. 2010.

1. fundur fræðslu- og menningarnefndar Norðurbings
13. janúar 2011



Lagt fram til kynningar.

6. 201012082 - Ályktun frá stjórn Félags leikskólakennara og Félagi stjórnenda leikskóla varðandi leikskólafulltrúa

Lagt fram til kynningar.

7. 201101028 - Fræðslu- og menningarfulltrúi verkefnastaðan janúar 2011.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30